

Hverfisráð Kelduhverfis – fundargerð

Annar fundur Hverfisráðs Kelduhverfis haldinn á Víkingavatni fimmtudaginn 23. nóvember 2017 kl. 20:00. Mætt eru Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Daði Lange, Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir, Salbjörg Matthíassdóttir og Guðríður Baldvinsdóttir.

Dagskrá:

1. Íbúafundurinn í Skúlagarði og þau umræðuefni sem þar komu upp.

- a. Brunavarnir – Björgvin Árnason mun verða í Kelduhverfi miðvikudaginn 29. nóv. n.k. og getur yfirfarið slökkvitæki fyrir fólk. Formanni falið að hafa samband við Björgvin og senda svo skilaboð út til íbúa.
- b. Ljósleiðari – Hverfisráð lýsir yfir ánægju með stefnu Norðurþings um að ljósleiðaravæða Kelduhverfi eins fljótt og kostur er og hvetur sveitarstjórn áfram til góðra verka.
- c. Sorpmál – Eins og fram kom á íbúafundi í Skúlagarði er íbúum mjög umhugað um sorphirðu í Kelduhverfi. Hverfisráð óskar eftir því að flokkun sorps verði gerð möguleg í Kelduhverfi eins og orðið er víða annars staðar í sveitarfélagit. Þá vill Hverfisráð koma á framfæri ósk um að gámi undir rúlluplast verði komið upp í Kelduhverfi. Eins og staðan er í dag er rúlluplast aðeins sótt einu sinni á ári.
- d. Hitaveita – Hverfisráð óskar eftir því að fulltrúar Orkuveitu Húsavíkur komi á fund með íbúum þar sem farið verður yfir málefni hitaveitu og ferskvatnsveitna.
- e. Netfangalisti – Hverfisráð gerði netfangalista yfir íbúa Kelduhverfis til að nota við að koma skilaboðum áleiðis.

2. Önnur mál.

- a. Upplýsingakver til íbúa Kelduhverfis – Hverfisráð vill hvetja til þess að gerður verði bæklingur þar sem fram kemur öll sú þjónusta sem íbúum Kelduhverfis stendur til boða s.s. tilhögun leikskólamála, sorpmála og félagsstarfa. Svona kver getur hjálpað nýjum íbúum á svæðinu heilmikið og eins þeim sem eru að hugsa um að flytja á svæðið. Svona kver ættu að vera til fyrir öll "hverfi" sveitarfélagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21:12

Aðalsteinn Örn Snæþórsson
Guðrún Baldvinsdóttir
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir
Salbjörg Matthíassdóttir
Daði Lange fréttahús.